

29. s. m. voru stefnukröfurnar lýstar aðfararhæfar með áritun á stefnu samkvæmt 10. gr. laga nr. 49/1968. Málskostnaður var ákveðinn 51.600 krónur.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann krefjist þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar hrundið og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati Hæstaréttar“. Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. fl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jón Baldursson, greiði stefnda, OY inter Viso A/B, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1977.

Nr. 86/1976. **Bjarndís Eygló Indriðadóttir**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Blindravinafélagi Íslands og

gagnsök

(Jón Bjarnason hrl.).

Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1976. Hún krefst þess í aðalsök, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 332.063 krónur með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Í gagnsök gerir hún þær dómkröfur, að henni verði aðeins dæmt skylt að greiða gagnáfrýjanda 66.000 krónur, er komi til skuldajafnaðar við þær kröfur, sem hún hefur uppi í aðalsök.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. apríl 1976. Hann gerir þessar dómkröfur: Í aðalsök: Aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins dæmt skylt að greiða aðaláfrýjanda 70.169 krónur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í aðalsök, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 282.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði sýknukrafa gagnáfrýjanda í aðalsökinni tekin til greina, gerir hann þó í gagnsökinni aðeins kröfu um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en fellur frá kröfum sínum að öðru leyti.

I. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi haldið því fram, að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 88/1971 hafi henni ekki verið skylt að vinna í dagvinnu hjá gagnáfrýjanda fleiri vinnustundir en 40 í viku hverri. Hafi þá sú vinna ein mátt teljast dagvinna, sem unnin hafi verið á tímanum frá kl. 0800 til 1700 frá mánudegi til föstudags að báðum dögum meðtöldum. Leiði þetta af því, að sá tími hafi verið hinn urnsamdi dagvinnutími í kjarasamningum Verkakvennafélagsins Framsóknar og Vinnuveitendasambands Íslands 21. ágúst 1970 og 12. apríl 1972, er að þessu leyti hafi gilt um ráðningarsamning aðaláfrýjanda. Hafi sú skipan verið óhjákvæmi-

leg í skiptum málsaðilja, sbr. nefnda 1. mgr. 2. gr. svo og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1971. Samkvæmt þessu hafi gagnáfrýjanda borið að greiða eftirvinnu- eða næturvinnuálag á alla vinnu aðaláfrýjanda eftir kl. 1700, en það hafi verið 3 stundir á dag.

Á þetta verður ekki fallist. Í fyrsta lagi sést ekki af þeim útdrætti úr kjarasamningnum frá 21. ágúst 1970, sem frammi liggur í málinu og í gildi var á fyrsta hluta starfstíma aðaláfrýjanda, hvenær dags dagvinna hefjist eða eigi að ljúka. En hvað sem því líður, verður að líta svo á samkvæmt því, sem fram er komið í málinu um hið sérstaka eðli þess starfs, er aðaláfrýjandi gegndi, að starf hennar hafi fallið undir ákvæði d liðs 1. mgr. 1. gr. fyrrgreindra laga. Áttu hin ófrá-víkjanlegu ákvæði þeirra því ekki við í lögskiptum aðilja. Er framangreind röksemd aðaláfrýjanda fyrir kröfum sínum um launaviðbót vegna eftir- og næturvinnu því ekki tæk.

Héraðsdómari hefur talið, að 7. gr. laga nr. 80/1938 hafi ekki skotið loku fyrir það, að málsaðiljar gætu vikið frá framangreindum kjarasamningum í skiptum sínum, svo gilt væri. Verður á þetta að fallast, þar sem hvorugur þeirra var aðili að samningum þessum eða félagi í félögum þeim, sem að þeim stóðu.

II. Um kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök.

Kröfur þessar sundurliðar áfrýjandi á sama hátt og hún gerði í héraði.

Með skírskotun til raka héraðsdóms svo og þess, sem greint var undir I hér að framan, verður krafa hennar um vangoldin laun vegna yfir- og næturvinnu ekki tekin til greina.

Á það verður að vísu fallist með héraðsdómara, að aðaláfrýjandi hafi átt rétt á nokkurri hækkun launa í maímánuði 1972 vegna nýs kjarasamnings, er launagreiðslur skyldu miðaðar við. Hún tók þó við launum sínum fyrir þann mánuð án fyrirvara. Frá og með júnímánuði og allt til loka starfstímans voru henni og greidd nokkru hærri laun en skylt var. Hreyfði hún engum athugasemdum út af því, að maílaunin hefðu verið vangoldin, fyrr en eftir að hún hætti störfum hjá

gagnáfrýjanda. Eru ekki efni til að sinna þeirri kröfu aðaláfrýjanda, sem hér er um fjallað.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður látið sitja við úrlausn hans um kröfur aðaláfrýjanda vegna vinnu á frí-dögum og hátíðisdögum svo og vegna vinnu hjá gagnáfrýjanda í janúar 1973.

III. Um kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök.

Stjórnarformaður gagnáfrýjanda hefur greint frá því, að það hafi verið ýmist, að ráðskonur á heimili gagnáfrýjanda á Bjarkargötu 8 hefðu ókeypis fæði eða ekki. Ekki hefur þó verið sýnt fram á dæmi þess, að ráðskonur þar hafi verið látnar greiða sérstaklega fyrir fæði sitt, aðrar en ráðskona sú, er kom í stað aðaláfrýjanda í ágúst og hálfan september 1972. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hafnað kröfu gagnáfrýjanda vegna fæðiskostnaðar aðaláfrýjanda sjálfrar.

Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða fyrir fæði sambúðarmanns síns og barns. Ekki virðist ágreiningur um, að dvöl þeirra á Bjarkargötu 8 á vegum aðaláfrýjanda hafi numið 320 dögum. Þegar virtar eru þær upplýsingar um fæðiskostnað vistmanna á heimili gagnáfrýjanda, sem fram eru komnar í málinu, þykir krafa gagnáfrýjanda, sú er hér greinir, hærrí en sanngjarnt megi telja. Þykir rétt að taka þennan lið til greina með 96.000 krónum.

Úrlausn héraðsdómara um kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu fyrir húsnæði, ljós, hita, ræstingu o. fl. verður staðfest.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök teknar til greina með 112.489 krónum. Kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök verða teknar til greina með 96.000 krónum. Er fjárhæðum þessum hefur verið skulda-jafnað, svo sem krafist er, standa eftir 16.489 krónur, sem ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá

þeim degi til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarækvæði héraðsdóms er staðfest, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Blindravinafélag Íslands, greiði aðaláfrýjanda, Bjarndísi Eygló Indriðadóttur, 16.489 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 25.000 krónur í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum máflutningi 7. janúar sl., hefur Bjarndís Eygló Indriðadóttir, Sunnuvegi 3, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. apríl 1974, gegn Blindravinafélagi Íslands, Ingólfsstræti 16, Reykjavík, til greiðslu vangoldinna vinnulauna á tímabilinu frá 1. janúar 1972 og fram í janúar 1973 að fjárhæð kr. 332.063.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan máflutning lækkaði stefnandi kröfur sínar í aðalsök um 50 aura.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda í aðalsök, en til ýtrustu vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 70.169.40. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við munnlegan máflutning breytti lögmaður stefnda ýtrustu varakröfu sinni á þann veg, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 70.169.00.

Með stefnu, birtri 16. maí 1974, höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnanda. Í gagnsök gerir Blindravinafélag Íslands þær dómkröfur, að gagnstefnda, Bjarndísi Eygló Indriðadóttur, verði gert að greiða félaginu kr. 282.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður gagnstefnanda kröfum sínum á þá leið, að krefjast 13% ársvaxta af dómkröfunni frá 16. júlí 1974 til greiðsludags.

Í gagnsök gerði gagnstefnda þær dómkröfur að verða sýknuð af öllum kröfum gagnstefnanda gegn greiðslu á kr. 66.000.00, sem komi til skuldajafnaðar við kröfu gagnstefndu í aðalsök. Lögmaðurinn mótmælti því, að gagnstefnandi fái komið að hækkun á vaxtakröfu sinni.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að á tímabilinu 1. janúar 1972 og fram í janúar 1973 hafi stefnandi starfað sem ráðskona á Blindraheimilinu að Bjarkargötu 8 hér í borg, sem hið stefnda félag starfræki. Stefnandi hafi tekið laun skv. kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. annars vegar og Verkavennafélagsins Framsóknar o. fl. hins vegar um kaup og kjör starfsstúlkna í mótuneytum, en þó þannig, að hún hafi aðeins fengið greidd föst mánaðarlaun, en hvorki vinnu á fríðögum, háttíðisdögum né eftir- og næturvinnu. Stefnandi telji daglegan vinnutíma sinn að jafnaði hafa numið 11 klukkustundum og sé það lagt til grundvallar kröfugerðinni.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1972 hafi stefnandi tekið föst laun skv. þeim taxta, sem gildi sem byrjunarlaun matræðskvenna (verkstjóra), að viðbætti verðlagsuppbót og 4% grunnkaupshækkun, sem samið var um í samningum ASÍ og Vinnuveitendasambandsins í desember 1971. Hún hafi þó ekki fengið greidda hækkun þá, sem varð með samningnum á dskj. nr. 6, fyrsta mánuðinn, sem greitt var eftir honum, þ. e. maímánuð. Frá 1. júní 1972 hafi stefnandi tekið laun samkvæmt taxta matræðskvenna (verkstjóra) eftir 2 ára starf.

Í útreikningnum á dskj. nr. 3 sé gengið út frá skökku tímakaupi mánuðina janúar til maí 1972 og einnig við útreikning launa fyrir háttíðisdaga og valdi þetta því, að upphafleg kröfugerð hafi verið nokkru lægri en stefnukrafan. Þetta sé leiðrétt af lögmanni stefnanda á dskj. nr. 4. Tímakaup skv. samningi Verkavennafélagsins Framsóknar sé eins og í öllum þorra kjarasamninga verka-

manna, fundið með því að deila í mánaðarkaup með 173.33. Kaup það, sem þá komi út, sé dagvinnukaup, en eftirvinnukaup sé síðan með 40% álagi og næturvinnukaup með 80% álagi.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram sem dskj. nr. 3 og 4 útreikningar á kröfu stefnanda og leiðrétting á útreikningunum. Samkvæmt því, sem fram kemur á þessum dómsskjölum, sundurliðast stefnukrafan þannig:

Janúar			
Mánaðarlaun			21.695.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna 125/20			8.012.80
60 tímar eftirvinna	175/30	10.518.00	
30 tímar næturvinna	225/40	6.762.00	17.280.00
			<hr/>
			46.987.80
÷ greidd mánaðarlaun			21.695.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	25.292.80
Febrúar			
Mánaðarlaun			21.695.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna 125/20			8.012.80
56 tímar eftirvinna	175/30	9.816.80	
28 tímar næturvinna	225/40	6.311.20	16.128.00
			<hr/>
			45.835.80
÷ greidd mánaðarlaun			21.695.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	24.140.80
Mars			
Mánaðarlaun			21.879.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna 126/20			8.076.80
56 tímar eftirvinna	176/70	10.248.60	
29 tímar næturvinna	227/20	6.588.80	16.837.40
			<hr/>
			46.793.20
÷ greidd mánaðarlaun			21.879.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	24.914.20
Apríl			
Mánaðarlaun			21.879.00

1306

8 frídagar, 64 tímar dagvinna	126/20		8.076.80
54 tímar eftirvinna	176/70	9.541.80	
27 tímar næturvinna	227/20	6.134.40	15.676.20
			<hr/>
			45.632.00
÷ greidd mánaðarlaun			21.879.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	23.753.00

Maí

Mánaðarlaun			23.074.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	133/10		8.518.40
54 tímar eftirvinna	186/30	10.060.20	
27 tímar næturvinna	239/60	6.469.20	16.529.40
			<hr/>
			48.121.80
÷ greidd mánaðarlaun			21.879.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	26.242.80

Júní

Mánaðarlaun			26.678.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	153/90		9.849.60
58 tímar eftirvinna	215/50	12.499.00	
29 tímar næturvinna	277/00	8.033.00	20.532.00
			<hr/>
			57.059.60
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	30.381.60

Júlí

Mánaðarlaun			26.678.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	153/90		9.849.60
62 tímar eftirvinna	215/50	13.361.00	
31 tími næturvinna	277/00	8.587.00	21.948.00
			<hr/>
			58.475.60
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
			<hr/>
		Eftirstöðvar	31.797.60

Ágúst				
Mánaðarlaun			26.678.00	
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00	
			<hr/>	
		Eftirstöðvar	0	
September				
Mánaðarlaun			26.678.00	
2 frídagar, 16 tímar dagvinna 153/90			2.462.40	
40 tímar eftirvinna	215/50	8.620.00		
20 tímar næturvinna	277/00	5.540.00	14.160.00	
			<hr/>	
			43.300.40	
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00	
			<hr/>	
		Eftirstöðvar	16.622.40	
Október				
Mánaðarlaun			26.678.00	
46 tímar eftirvinna	215/50	9.913.00		
23 tímar næturvinna	277/00	6.371.00	16.284.00	
			<hr/>	
			42.962.00	
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00	
			<hr/>	
		Eftirstöðvar	16.284.00	
Nóvember				
Mánaðarlaun			26.678.00	
44 tímar eftirvinna	215/50	9.482.00		
22 tímar næturvinna	277/00	6.094.00	15.576.00	
			<hr/>	
			42.254.00	
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00	
			<hr/>	
		Eftirstöðvar	15.576.00	
Desember				
Mánaðarlaun			26.678.00	
40 tímar eftirvinna	215/50	8.620.00		
20 tímar næturvinna	277/00	5.540.00	14.160.00	
			<hr/>	
			40.838.00	

÷ greidd mánaðarlaun	26.678.00
----------------------	-----------

Eftirstöðvar 14.160.00

Helgidagar, þ. e. a. s. nýjársgdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar hvítasunnudagur, 17. júní, 1/2 aðfangadagur, jóladagur, annar jóladagur, 1/2 gamlársdagur.

14 dagar:	154 tímar		
11 tímar	225/40	2.479.40	
55 tímar	227/20	12.496.00	
44 tímar	239/60	10.542.40	
44 tímar	277/00	12.188.00	

Samtals kr. 37.705.80

Janúar 1973

1/3 mánaðar			8.880.00
2 frídagur, 16 tímar	153/90		2.462.40
16 tímar eftirvinna	215/50	3.448.00	
8 tímar næturvinna	277/00	2.216.00	
11 tímar helgidagav. (1. jan.)	277/00	3.047.00	8.711.00
			20.053.40
8.33% orlof á 20.053.40			1.671.00

Eftirstöðvar 21.724.40

Samantekt:

Vinna á frídögum	62.859.20		
Orlof 8.33%	5.236.10	68.059.30	
Yfirvinna	184.841.00		
Orlof 8.33%	15.397.20	200.238.20	
Vinna á hátíðisdögum	37.705.80		
Orlof 8.33%	3.140.80	40.846.60	
Laun í janúar 1973 með orlofi			21.724.40
Vangreidd mánaðarlaun í maí 1972			1.195.00

332.063.50

Greidd laun 1972 kr. 295.773.00.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þá leið, að eins og fram komi í stefnu, hafi stefnandi ráðist sem ráðskona á heimili stefnda að Bjarkargötu 8 hér í borg frá 1. janúar 1972 að telja og hafi ráðningartími verið óákveðinn. Mjög óvenjulega hafi staðið á um hagi stefnanda til umrædds starfs, þar eð hún hafi ekki einungis haft með sér mann, heldur og dóttur, er þá mun hafa verið þriggja ára gömul.

Að vísu hafi það aldrei skeð í sögu heimilisins, að sem fylgiskur starfskrafts kæmi heil fjölskylda, næstum jafnstór vistmönnum heimilisins, en þeir hafi á þessum tíma verið 4—5, en hér hafi jafnframt staðið svo á, að árið 1972 hafi hafist 40 stunda vinnuvika og hafi þá orðið 2 frídagar í hverri viku. Hafi því orðið að samkomulagi, að stefnandi tæki föst mánaðarlaun, byrjunarlaun matráðskonu, samkvæmt samningi, dags. 21. ágúst 1970 (dskj. nr. 5), sem í upphafi hefðu numið kr. 19.249.00, en voru orðin kr. 21.695.00 vegna vísitöluhækkana. Fyrir aðra vinnu en þá, sem mánaðarlaunin tóku til, svo sem frídagana og helgidaga, hafi stefnandi fengið fæði, húsnæði, ljós, hita og ræstingu fyrir sig og fjölskyldu sína. Í upphafi hafi stefnandi fengið eina góða stofu fyrir sig og nokkru síðar aðra. Auk þessa hafi stefnandi haft afnot af eldhúsi heimilisins og borðstofu fyrir sig og fjölskyldu sína svo og gesti, en þarna hafi verið heimili stefnanda og fjölskyldu hennar allan þann tíma, er hún starfaði hjá stefnda. Loks hafi stefnandi haft aðgang og afnot af öllum tækjum heimilisins og gögnum til þvotta, þjónustu og frágangs á fatnaði fjölskyldu sinnar.

Samkvæmt þessu samkomulagi hafi stefnandi fengið greidd laun fyrir janúar til og með maí 1972, eins og fram komi af dskj. nr. 9. Hinn 1. júní 1972 hafi gengið í gildi nýir kauptaxtar, en þá hafi orðið þau mistök hjá starfsfólki stefnda, að stefnandi hafi fengið greidd laun skv. öðrum starfsflokki, þ. e. eftir tveggja ára starf. Þannig hafi stefnandi fengið fyrir júní greiddar kr. 26.678.00 í stað 25.652.00, sem hún hafi átt að fá sem byrjunarlaunin, sem um hafði samist. Þessum mistökum hafi starfsfólk stefnda ekki áttað sig á fyrr en um áramót, er tekin voru saman laun stefnanda allt árið.

Launamunur þessi hafi numið kr. 1.026.00 fyrir hvern mánuð, eða alls fyrir tímabilið júní—desember 1972 kr. 7.182.00 og hafi stefnandi því ekki fengið greidd laun fyrir þá fáu daga, sem hún vann í janúar 1973, þar eð hún hafi þá þegar fengið greitt meir

en um hafi verið samið og hafi stefndi talið rétt, að það gengi upp.

Að því er varðar orlof stefnanda er tekið fram, að stefnandi hafi óskað þess sérstaklega að fá frí allan ágúst og hluta af september 1972, og telji stefndi, að þar sé innifalið allt orlof stefnanda og meira í því fríi.

Virðist því augljóst, að stefnandi hafi þegar að fullu fengið allt umsamið kaup sitt greitt miðað við þau kjör, sem um hafi samist með aðiljum.

Eins og fram komi af dskj. nr. 9, hafi stefnandi tekið fyrirvaralaust við kaupgreiðslum allan tímann og hafi aldrei hreyft neinum andmælum gegn kaupgreiðslunum eða athugasemdum. Ekki hafi hún heldur boðið fram greiðslu fyrir húsnæði, mat eða önnur hlunnindi, sem hún og fjölskylda hennar fékk hjá stefnda, og sé ómögulegt að líta á eða skýra þessa framkomu á annan hátt en þann, að hún viðurkenni og samþykki þau ráðningarkjör, sem stefndi segi, að um hafi samist.

Varakrafa stefnda er byggð á því, að kröfugerð stefnanda sé í verulegum atriðum röng.

Stefnandi segi, að daglegur vinnutími sinn hafi verið 11 klukkustundir að jafnaði. Ekki hafi stefnandi leitt nein rök að þessari staðhæfingu sinni, og er því eindregið andmælt, að stefnandi hafi unnið nokkuð umfram löglegan dagvinnutíma. Allt frá því að heimilið að Bjarkargötu var stofnað, hafi engin af þeim ráðskonum, sem starfað hafi hjá stefnda, fengið greidda eftirvinnu og hafi heimilisreksturinn þó verið í sama sniði og var á starfstíma stefnanda. Starfið sé líka í sjálfu sér ekki tímafrekt, enda eingöngu fólgið í aðdrætti matfanga, matartilbúningi, þjónustu, þvotti og frágangi á honum. Allan tímann, einnig starfstíma stefnanda, hafi félagið haft sérstakan starfsmann til þess að sjá um ræstingu á öllu húsnæðinu, þar á meðal húsnæðinu, sem stefnandi fékk til afnota. Starfsmann þennan hafi stefnandi mátt, sem hún og hafi gert, biðja um að vinna, ef þörf var, störf, sem hún sjálf taldi sig ekki geta unnið í dagvinnutíma sínum.

Þegar þess sé gætt, hversu fáir vistmenn voru, verði ekki séð, að nein þörf hafi verið á yfirvinnu hjá stefnda, auk þess sem telja verði útilokað, að hún, sem bæði hafi haft fyrir manni að sjá og sérstaklega hafi þurft að gæta ungbarns allan daginn, sem hafi verið á þeim aldri, er ríkrar gæslu þurfi við, hafi getað lagt fram 11 vinnustundir að jafnaði dag hvern. Auk þessa hefði slík yfirvinna af hennar hálfu verið óheimil með öllu, þar eð hag-

kvæmara hefði verið fyrir stefnda, að slík vinna, ef þörf væri, hefði verið unnin af fyrrgreindum starfsmanni, þar eð sú vinna hefði að sjálfsögðu reiknast á dagvinnukaupi og auk þess á lægri kauptaxta en stefnanda var. En mikilvægast sé þó í þessu sambandi það, að samkvæmt samkomulagi og ráðningarkjörum stefnanda hafi ekki átt að vera um neina yfirvinnu að ræða. Stefndi hafi því enga ástæðu haft til þess að fylgjast með vinnutíma stefnanda og hafi ekki gert það. Sú framkoma stefnanda að taka allt ráðningartímabilið athugasemdalaust við kaupi, sem byggt sé á dagvinnu eingöngu, en koma síðan í lok ráðningartímans með háar kröfur um greiðslu fyrir eftirvinnu og næturvinnu, sé svo furðuleg og andstæð öllum réttum reglum í viðskiptum samningsaðilja, að augljóst sé, að ekki sé unnt að verða við slíkum kröfum. Stefndi sé algerlega varnarlaus í slíku tilviki og mætti alveg eins hugsa sér, að í svipuðum tilvikum væri eðlilegur svefntími dreginn frá sólarhringnum, en afgangurinn síðan talinn til jafnaðarlegs vinnutíma.

Þann tíma, sem stefnandi var í fríi í ágúst og september 1972, hafi verið fengin önnur ráðskona í hennar stað og hafi sú ráðskona engan reikning gert um yfirvinnu allt það tímabil, eins og sjá megi af dskj. nr. 10. Sama sé um konu þá, sem tekið hafi við af stefnanda. Þar sé heldur engin krafa um yfirvinnu, eins og fram komi af dskj. nr. 11. Báðar þessar konur hafi þó unnið nákvæmlega sömu störf hjá stefnda sem stefnandi. Sýni þetta best réttmæti kröfu stefnanda um yfirvinnu.

Varakrafa stefnda er byggð á eftirfarandi:

Fyrir tímabilið janúar — júlí 1972 reikni stefnandi sér 56 frídaga. Í stað þessara frídaga hafi stefnandi fengið að eigin ósk frí frá störfum allan ágúst og hluta september, eða alls 41 frídag. Lækki því krafa stefnanda um frídaga úr 56 í 15, eða samtals 120 dagvinnustundir, sem nemi alls kr. 14.736.00. Allri eftir- og næturvinnu fyrir þetta tímabil er eindregið andmælt, svo sem getur í sambandi við aðalkröfu.

Í september 1972 reikni stefnandi sér tvo frídaga, samtals 16 dagvinnustundir, og nemi þær samtals kr. 2.462.40, en allri eftirvinnu og næturvinnu er andmælt fyrir þennan mánuð svo og fyrir mánuðina október, nóvember og desember 1972.

Helgidaga kveði stefnandi hafa verið 14 á árinu 1972, en samkvæmt samningnum á dskj. nr. 5 og 6 sé hvorki talað um aðfangadag né gamlársdag sem helgidag og verði því að telja, að einungis 13 helgidaga eigi að telja á árinu, eða samtals 104 vinnu-

stundir, sem nemi samtals kr. 24.832.00. Er hér enn sem fyrr mót-mælt allri vinnu umfram 8 stundir á dag.

Stefnandi hafi sagt starfi sínu lausu frá og með 1. janúar 1973 að telja. Sú vinna, sem unnin hafi verið eftir það, verði einungis reiknuð sem tímavinna lausráðins aðilja. Af þessu leiði að sjálf-sögðu, að enga fridaga beri að reikna fyrir þá fáu daga, sem stefnandi hafi unnið í janúar 1973. Að sjálf-sögðu beri stefnanda helgidagavinna fyrir 1. janúar, þ. e. fyrir 8 klukkustunda vinnu, en síðan einungis dagvinnukaup fyrir 40 stunda vinnuviku.

Stefndi telur laun stefnanda að fullu uppgerð fyrir þetta tíma-bil með þeirri ofgreiðslu, sem átt hafi sér stað fyrir mánuðina júní—desember 1972. Engin breyting hafi þá átt sér stað um ráðningarkjör stefnanda og hafi hún eftir sem áður átt að hafa í laun byrjunarlaun ráðskonu, en ekki laun eftir 2 ára starf. Sé því sá mismunur, sem stafi af mistökum hjá starfsfólki stefnda að sjálf-sögðu endurkræfur og megi nota hann til greiðslu á janúar-vinnu stefnanda.

Allri yfirvinnu umfram 40 stunda vinnuviku er andmælt í þessu sambandi. Þegar þetta sé virt og þess gætt, sem segi í aðal-kröfu um mat, húsnæði o. fl. fyrir stefnanda og fjölskyldu hennar, sé ljóst, að hún hafi þegar fengið fyllilega greitt fyrir vinnustund-ir sínar í janúar.

Samkvæmt öllu framansögðu kæmi því til greina að álíta, að stefnandi ætti inni hjá stefnda kr. 14.736.00, kr. 2.462.40 og kr. 24.832.00, eða samtals kr. 42.030.40, en orlofsfé af þessum fjár-hæðum sé kr. 3.501.10. Miðað við þennan útreikning mætti líta svo á, að stefnandi ætti þá inni orlofsfé af greiddum launum á ár-inu 1972 að meðtalinni skekkjunni, sem fyrr greinir, kr. 295.733.00 og nemi orlofsfé af þeirri fjárhæð kr. 24.637.90. Allar þessar fjár-hæðir nemi því samtals kr. 70.169.40, en þá skuldi stefnandi stefnda jafnframt fyrir fæði, húsnæði, hita, rafmagn, ræstingu og annað, sem greinir í aðalkröfu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru á því byggðar, að þann tíma, sem gagnstefnda vann fyrir gagnstefnanda, hafi gagnstefn-andi látið gagnstefndu, manni hennar og dóttur í té fæði, húsnæði, ljós, hita, ræstingu o. fl.

Gagnstefnandi krefur gagnstefndu fyrir 320 fæðisdaga, kr. 200.00 á dag fyrir gagnstefndu, kr. 100.00 á dag fyrir barn hennar og kr. 300.00 á dag fyrir mann hennar, eða samtals kr. 600.00 á dag fyrir alla fjölskylduna í 320 daga, eða kr. 192.000.00. Fyrir húsnæði, hita, ljós, ræstingu o. fl. krefur gagnstefnandi um kr.

7.500.00 á mánuði, eða fyrir allt árið alls kr. 90.000.00. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 282.000.00, sem er stefnukrafan í gagnsök.

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að þær kr. 200.00, sem gagnstefnda er krafin um fyrir fæði daglega, sé sama fjárhæð og staðgengli hennar hafi verið gert að greiða í ágúst og september 1972, er gagnstefnda var í fríi. Helmings þess kostnaðar er krafist fyrir barnið, en kr. 300.00 á dag fyrir manninn.

Í gagnsök er af hálfu gagnstefndu kröfunni um fæðiskostnað gagnstefndu alfarið mótmælt, en hún nemi kr. 64.000.00. Til þess liggja þau rök, að aldrei hafi annað komið til tals en að gagnstefnda hefði frítt fæði, enda muni það nokkurn veginn algild regla varðandi þá, sem við matreiðslu fást. Í því sambandi er bent á, að matreiðslumenn á veitingahúsum hafi frítt fæði, þótt annað starfsfólk í eldhúsi greiði fæði sitt.

Kröfu gagnstefnanda um greiðslu á kr. 96.000.00 til greiðslu á fæði manns gagnstefndu er mótmælt sem allt of hárrí. Maður gagnstefndu hafi verið við störf í Hafnarfirði á þeim tíma, sem um ræðir, og þar hafi hann jafnan borðað hádegismat á virkum dögum og oft kvöldmat líka. Fæði það, sem hann hafi fengið á Bjarkargötu 8, hafi verið fullt fæði flestar helgar og stundum eitt-hvert snarl á kvöldin þar fyrir utan. Krafan um greiðslu fæðis fyrir barn þeirra eigi sér hins vegar stoð. Telpan, sem var þriggja ára að aldri á þessum tíma, hafi átt að vera þarna hjá móður sinni og hafi verið svo um talað, að fæði hennar væri greitt. Í raun hafi telpan verið mikið hjá afa sínum og ömmu, vegna þess að henni leiddist þarna. Gagnstefnda kveðst eftir atvikum geta fallist á að greiða fyrir fæði barnsins og manns síns kr. 6.000.00 á mánuði í 11 mánuði, eða samtals kr. 66.000.00.

Kröfu gagnstefnanda um greiðslu fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, kr. 90.000.00, er alfarið mótmælt þegar af þeirri ástæðu, að þess hafi verið krafist af gagnstefndu, að hún hefði aðsetur í húsinu. Þetta hafi verið nauðsynlegt vegna vistmanna. Þarna hafi dvalist t. d. fyrri hluta þess tíma, sem gagnstefnda var þarna, kona að nafni Þórhildur Bjarnadóttir, sem hafi verið þannig á sig komin, að hún hefði þurft að dveljast á sjúkrahúsi og hafi hún þurft afar mikla gæslu. Kona þessi hafi haldið vöku fyrir öðrum vistmönnum og hafi hún verið mjög erfið viðfangs og hafi gagnstefnda þurft að hafa stöðugt gætur á henni, uns hún fór á Hrafnistu í júní eða júlí 1972. Það hafi því verið nauðsynlegt frá öruggissjónarmiði, að gagnstefnda væri þarna til húsa, og fráleitt, að

hún verði krafin um greiðslu fyrir húsnæði, sem hún hafði af þeim sökum þurft að hafa þarna. Loks er því haldið fram af gagnstefndu, að um það hafi verið talað í upphafi, að gagnstefnda hefði frítt húsnæði.

Í málinu hafa farið fram yfirheyrslur, og hafa þau stefnandi og stjórnarformaður stefnda verið yfirheyrð svo og sambýlismaður stefnanda, Þórir Guðmundsson, og vitnin Sigríður Sigurðardóttir og Guðbjörg Jóna Sigurðardóttir, fyrrverandi starfsmenn stefnda, og Ólafur Ögmundsson, leigjandi hjá stefnda.

Fyrir dómi bar stefnandi, að hún hafi samið við stjórnarformann stefnda, áður en hún hóf störf fyrir stefnda. Um laun hafi verið samið, að hún skyldi fá laun matræðskonu samkvæmt taxta Framsóknar, þ. e. það, sem á dskj. nr. 6 er kallað aðrar matræðskonur, byrjunarlaun. Ekkert hafi verið um það rætt, hvort hún fengi greiðslu fyrir eftirvinnu. Stefnandi kvaðst hafa sagt við stjórnarformanninn, áður en hún hóf starf fyrir stefnda, að hún vildi reyna starfið í svona mánaðartíma, og eftir mánaðarstarf hafi hún farið fram á það við stjórnarformanninn að fá skriflegan samning við stefnda og væri þá tekið fram í sambandi við dvöl eiginmanns og barns stefnanda á heimilinu og laun stefnanda, en af gerð samningsins hafi ekki orðið. Stefnandi kvaðst allt árið öðru hverju hafa verið að spyrja um, hvernig þetta ætti að vera með fæði fyrir barn hennar og mann.

Þá er stefnandi var fyrir dómi, var athygli hennar vakin á fyrirvaralausum kvittunum á dskj. nr. 9. Stefnandi sagði, að þetta væru kvittanir fyrir föst mánaðarlaun, en hún hafi verið að gangast í því allt árið, að um það yrði samið, hvað hún skyldi borga í fæðiskostnað fyrir mann sinn og barn, og jafnframt hafi hugmynd hennar verið, að þá yrði samið um, að eftirvinna hennar kæmi sem greiðsla á fæðiskostnaðinum, og kveðst stefnandi hafa viljað, að frá þessu yrði gengið.

Stefnandi kvaðst ekki hafa fært vinnutíma sinn daglega eða haldið vinnulista, en hún hafi unnið frá kl. 0730 á morgnana til kl. 8 á kvöldin. Vinnutími hafi kannske ekki alltaf verið alveg samfelldur, en stefnandi hafi oft unnið fram yfir kl. 8 á kvöldin.

Stefnandi sagði, að það hafi verið skilyrði, þá hún hóf störf fyrir stefnda, að hún byggi í húsinu, og hafi hún helst ekki farið frá nema það nauðsynlegasta og hún hafi þá haft samband við konu, sem leigði þarna í húsinu.

Stjórnarformaðurinn hafi sagt stefnanda, að hún fengi mánaðarsumarfrí. Stefnandi kveðst svo hafa beðið um frí frá 1. ágúst til

11. september og það hafi hún fengið með samþykki stjórnarformannsins. Fyrir 1. ágúst hafi stefnandi aldrei fengið frí, en eftir að hún kom úr fríinu í september, hafi hún tekið fjóra frídaga í mánuði, en hinir fjórir frídagarnir, sem stefnandi telur sér bera, hafi gengið upp í fríið, sem hún fékk í september. Um þetta kvaðst stefnandi hafa talað við stjórnarformanninn og hafi hann ekki mótmælt þessu.

Stefnandi bar, að hún hafi, þá er kaup hennar hækkaði vorið 1972, þakkað stjórnarformanninum fyrir, og kvaðst hún hafa álit-ið, að kaup hennar hefði verið hækkað, þar sem vinnuveitanda hennar hefði fundist hún eiga það skilið, en á þessum tíma hafi verið meira að gera á heimilinu en þá er hún hóf störf þar.

Stjórnarformaður stefnda hafi sagt henni, að ráðskonur á heimilinu hefðu alltaf haft frítt fæði og húsnæði og hafi það verið eitt ákveðið herbergi, sem ráðskonan hafi alltaf haft, það herbergi kvaðst stefnandi hafa haft til afnota. Stefnandi og fjölskylda hennar hafi ekki flutt inn á heimilið fyrr en 10. janúar, þar sem þetta herbergi var ekki laust fyrr. Vegna þess, sem fram hefur komið um, að stefnandi hafi haft tvö herbergi til afnota, þá tók stefnandi fram, að þarna hafi verið herbergi, sem hún hafi notað til að ganga frá þvotti og þjónustu fyrir heimilið. Í þessu sama herbergi hafi hún fengið með leyfi stjórnarformannsins að geyma sófasett. Önnur afnot hafi hún ekki haft af þessu herbergi. Stefnandi kvaðst hafa óskað eftir því að fá herbergi þetta til afnota og hafi hún viljað það vegna barnsins, en stjórnarformaðurinn hafi ekki viljað það eða færst undan og hafi hann sagst vilja leigja herbergið. Einhvern tíma hafi komið til tals hjá stjórnarformanninum, að stefnandi skyldi greiða sem fæðiskostnað vegna barnsins sömu fjárhæð og fæðiskostnaður vistmanna var á þessum tíma, þ. e. kr. 6.000.00 á mánuði, og hafi stjórnarformaðurinn þá talað um, að maður stefnanda skyldi greiða 15 máltíðir á mánuði og hafi hann þá einnig komið með þá hugmynd, að ef stefnandi fengi áður nefnt herbergi á leigu, skyldi leigan vera kr. 2.500.00 á mánuði. Þessu kvaðst stefnandi hafa hafnað og hafi henni þótt þetta óréttlátt, því með þessari leigu hafi þetta herbergi verið langdýrasta herbergið í húsinu, en stefnandi hafi talið sig þurfa að nota herbergið við vinnu fyrir heimilið.

Stefnandi sagði, að meiri hluta tímans, sem hún vann fyrir stefnda, hafi verið 9 manns á heimilinu, 5 þeirra hafi verið yfir áttætt, ein þeirra, Þórhildur Bjarnadóttir, hafi verið mjög erfið og þurft sérstakrar gæslu nótt sem dag. Morgunmatur hafi verið

framreiddur kl. rúmlega hálf átta og kvöldmatur kl. 7. Stefnandi kvaðst ekki hafa þurft að finna kvöldkaffi. Fólkið, sem ekki fór til vinnu, hafi fengið morgunmat kl. 9, tveim af þeim hafi stefnandi fært morgunmat.

Þá er stefnandi var fyrir dómi, var hún beðin um að telja upp með nafni það fólk, sem var á heimilinu, þegar hún vann þar. Stefnandi sagði, að á þessum tíma hafi einhver hreyfing verið á fólki, og kvaðst hún ekki vera viss um, að hún myndi þetta svo nákvæmlega, en þarna hafi verið hjón, Guðlaug og Agnar, Ásgrímur og Jónína, kona að nafni Inga hafi komið á heimilið, eftir að Þórhildur, sem áður er minnst á, fór af heimilinu. Sigurður og Birna, Gunnar Guðmundsson hafi verið þarna í morgunmat. Elín og Dagbjört hafi haft þarna húsnæði og fæði, en þær hafi ekki verið vistmenn. Af þessu fólki hafi Gunnar Guðmundsson, Sigurður og Birna, Elín og Dagbjört unnið utan heimilisins. Fólkið, sem heima var, fékk hádegisverð og eftirmiðdagskaffi. Stefnandi kvaðst enn fremur hafa pantað mat og þvegið og gengið frá fatnaði.

Fyrir dómi bar stjórnarformaður stefnda, að hann hafi samið við stefnanda, áður en hún hóf störf sem ráðskona á Blindraheimilinu. Verkefni hennar hafi verið að búa til mat og panta í matinn og sjá um þvotta og þjónustu. Það hafi ekki verið skilyrði af hálfu stefnda, að stefnandi byggi að Bjarkargötu 8. Í húsinu sé margt sjáandi fólk.

Stjórnarformaðurinn taldi vinnutíma stefnanda hafa verið 8 klst. á dag og hafi verið við það miðað, að stefnandi byrjaði að vinna á milli níu og tíu á morgnana, ætti frí í tvær til þrjár stundir um miðjan daginn, en kvöldmat hafi hún átt að framreiða klukkan sjö. Stjórnarmanninum var ókunnugt um vinnutíma stefnanda almennt, en fyrirrennari stefnanda og sú, sem tók við af stefnanda, hafi haft það fyrirkomulag, sem hér að ofan var lýst.

Samið hafi verið um, að stefnandi ynni á fríðögum og kæmi vinna hennar á fríðögum fyrir fæði stefnanda, kærasta hennar og barns. Mánaðarlaun stefnanda hafi verið kr. 21.695.00. Ekki hafi stefnandi átt að hafa ókeypis fæði, en stefnandi hafi haft afnot af einni stofu án endurgjalds.

Stefnandi hafi farið fram á sex vikna sumarleyfi, og kvaðst stjórnarformaðurinn hafa samþykkt það, en stefnandi hafi átt rétt á þriggja vikna leyfi, miðað við að hún ynni í eitt ár. Stefnandi hafi fengið laun þessar sex vikur. Eftir að hún kom úr fríi,

hafi hún óskað eftir að fá frí fjóra daga í mánuði og hafi það verið samþykkt og kona fengin til að leysa stefnanda af. Stungið hafi verið upp á því, að stefnandi greiddi fæðiskostnað vegna mannsins og barnsins, ekki mundi stjórnarformaðurinn, hver fjárhæðin var, sem stungið var upp á, en stefnanda hafi þótt það of hátt og hafi þá ekkert verið gert í málinu og ekki gerðar frekari kröfur vegna fæðiskostnaðarins. Stjórnarformaðurinn mundi ekki, hvort um þetta var rætt, þá er stefnandi hætti að vinna hjá stefnda.

Stjórnarformaðurinn kvaðst muna eftir því, að stefnandi hafi haft samband við sig og þá sjálfsagt verið að tala um fyrirkomu- lag í sambandi við fæðiskostnað.

Á heimilinu séu þeir kallaðir vistmenn, sem séu blindir og hafi fæði og húsnæði á heimilinu. Stjórnarformanninum var kynnt upptalning stefnanda á vistmönnum, og sagði hann, að það fólk, sem þar er talið, hafi ekki allt verið á heimilinu á sama tíma, t. d. hafi þær Elín og Dagbjört komið í október 1972 og verið í þrjú mánuði. Af fólki því, sem þar er talið, séu blind Agnar, Ásgrímur, Jónína, Sigurður og Birna, Inga sé mjög illa sjáandi, hún hafi ekki komið fyrir en um haustið 1972. Þórhildur Bjarnadóttir hafi verið blindur leigjandi í kjallaraherbergi hússins og hafi stefnandi ekkert haft með konu þessa að gera. Þórhildur hafi svo farið á elliheimilið Hrafnistu vorið 1972. Stjórnarformaðurinn vissi ekki til, að Þórhildur hafi verið rúmliggjandi.

Stefnandi hafi keypt húsgögn af Ólafi Ögmundssyni og látið þau inn í stofu á hæð hússins, stofa þessi sé kölluð kennarastofa. Stefnandi hafi spurt stjórnarformanninn, hvað hún ætti að borga í húsaleigu, og hafi það verið rætt á stjórnarfundi hjá stefnda, hver húsaleigan ætti að vera, og hafi verið rætt um það, um leið og rætt var um fæðiskostnað barns stefnanda og manns, en ekki mundi stjórnarformaðurinn, hvað ákveðið var í sambandi við húsaleiguna. Stjórnarformaðurinn hélt, að stefnandi hafi fyrir utan að geyma húsgögnin notað herbergi þetta. Stjórnarformaðurinn tók fram, að þvottaherbergi sé í kjallara hússins. Stjórnarformaðurinn hélt, að það hafi verið í júní 1972 sem stefnandi lét húsgögnin, sem áður er minnst á, inn í kennarastofuna, það hafi verið í september sem stjórn stefnda hafi komist að niðurstöðu um það, hver húsaleigan fyrir þetta aukaherbergi skyldi vera og hvað stefnandi ætti að greiða fyrir fæði barnsins og mannsins, en stefnanda hafi þótt það of hátt og hafi þetta verið látið eiga sig sem óafgreitt mál.

Upphaflega hafi verið reiknað með, að stefnandi greiddi fyrir

sitt fæði, en ekki hafi verið gerð krafa um það, þá er henni voru greidd laun. Það sé ýmist hvort ráðskonur á heimilinu hafi ókeyptis fæði eða ekki. Septína Jóhannesdóttir, sem gegnt hafi ráðskonustörfum í sumarleyfi stefnanda, hafi borgað fyrir fæði sitt.

Kaup stefnanda hafi í byrjun verið miðað við kauptaxta Framsóknar, en að öðru leyti sé ekki miðað við samning á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkakvennafélagsins Framsóknar um kaup og kjör starfsstúlkna í mötuneytum, enda sé stefndi ekki aðili að Vinnuveitendasambandinu.

Þau stefnandi og stjórnarformaður stefnda voru samprófuð um það, sem á milli bar í framburðum þeirra hér fyrir dómi. Við samprófunina hélt stefnandi fast við þann framburð, að ekkert hafi verið um það rætt, hvort hún fengi greiðslu fyrir eftirvinnu og næturvinnu. Eitthvað hafi komið til tals, að vinna stefnanda á fridögum gæti komið á móti dvöl kærasta og barns stefnanda á heimilinu, en ekki hafi verið samið um fjárhæðir eða gengið frá þessu. Það muni hafa verið, að því er stefnandi giskar á, eftir um mánaðar tíma, að farið hafi verið að ræða um þetta og hafi það verið stefnandi, sem byrjaði viðræður við stjórnarformann stefnda um það, hvað stefnandi skyldi greiða fyrir þá aðstöðu, sem stefnandi og fjölskylda hennar hafði á heimili stefnda. Stjórnarformaður stefnda bar, að þá er stefnandi réð sig, hafi verið um það rætt, að ef stefnandi ynni umfram umsaminn vinnutíma, þá kæmi það fyrir fæði barns hennar og kærasta. Stjórnarformaðurinn kvaðst fyrst muna eftir umræðum um greiðslu vegna dvalar barns stefnanda og kærasta á heimilinu, eftir að stefnandi kom úr sumarleyfi sínu, en hún hafi fengið lengra sumarleyfi en henni bar. Einnig hafi hún á þeim tíma farið fram á að fá leigt herbergi. Stjórnarformaðurinn mundi ekki, upp á hvaða fjárhæðum var stungið, og var honum kynntur framburður stefnanda um það efni, en sagðist ekki geta tjáð sig um það.

Stefnandi kvaðst hafa átt að hafa ókeypiss fæði, en stjórnarformaður stefnda er ekki viss um það. Stefnandi hélt fast við það, að skilyrði fyrir starfinu hafi verið, að hún byggi að Bjarkargötu 8. Stjórnarformaðurinn sagði, að um þetta hafi ekki verið rætt.

Báðir aðiljar héldu fast við fyrri framburð um lengd sumarfrís þess, sem stefnandi hafi átt rétt á. Stjórnarformaðurinn mundi ekki eftir viðræðum sínum og stefnanda, áður en stefnandi fór í sumarleyfi, en stefnandi muni hafa óskað eftir lengra sumarleyfi. Stefnandi kvaðst hafa óskað eftir 1/2 mánuði lengra fríi en hún

hafi átt rétt á. Það hafi hún fengið. Ekki hafi verið rætt um uppgjör vegna þessa aukafris. Stefnandi tók fram, að eins og fram sé komið, þá hafi hún látið helminginn af þeim frídögum, sem henni bar eftir sumarleyfið, ganga upp í umframfrið. Um þetta hafi ekki verið samið, áður en hún fór í frið.

Stjórnarformaðurinn mundi ekki eftir því, að stefnandi hafi þakkað fyrir kauphækkunina, en stefnandi kvaðst muna eftir að hafa gert það, en mundi ekki eftir viðbrögðum stjórnarformannsins.

Stjórnarformaðurinn mundi ekki, hvernig það var almennt, en Margrét Sæmundsdóttir ráðskona mundi hafa haft ókeypis fæði. Stefnandi sagði, að stjórnarformaðurinn hafi sagt, að starfinu fylgdi frítt fæði og húsnæði.

Stefnandi sagði, að þá er hún tilkynnti stjórnarformanninum, að hún hygðist hætta störfum hjá stefnda, þá hafi hún sagt við hann, að það þyrfti að ganga frá uppgjöri á milli málsaðilja, og hafi hann svarað því til, að hann mundi hugsa málið. Stjórnarformaðurinn mundi ekki eftir þessum samræðum.

Stjórnarformaðurinn var spurður vegna dskj. nr. 15, bls. 1, fyrir hvað kr. 3.700.00 og kr. 7.400.00 væru, og sagði hann, að kr. 3.700.00 væru fæðiskostnaður í 1 mánuð fyrir einstakling. Þetta fólk muni svo hafa greitt húsaleiguna á skrifstofu stefnda, en kr. 1.200.00 á þessari blaðsiðu sé húsaleiga. Stjórnarformaðurinn tók fram, að þessi leigjandi sé sjáandi maður. Húsaleiga á heimilinu sé dálítið mismunandi. Stjórnarformaðurinn gat ekki skýrt fjárhæðina kr. 5.925.00 á bls. 3 á sama dómsskjali. Ekki heldur kr. 2.100.00, en það er Jón Jóhannesson fæði 14 daga. Stjórnarformaðurinn tók fram, að hann hefði aldrei séð þessar tölur fyrr, en margir reikningar fari beint frá ráðskonu til skrifstofu stefnda og þaðan til bókara félagsins, en stjórnarformaðurinn hafi ekki afskipti af því. Þessar krónur 3.700.00 fyrir fæði hafi verið fullt fæði fyrir vistmenn.

Stefnandi sagði, að þessar fjárhæðir, kr. 3.700.00 og kr. 7.400.00, samanber bls. 1 á dskj. nr. 15, væru það, sem vistmenn hefðu greitt fyrir fæði og þjónustu, en húsaleigu hafi þeir greitt beint til skrifstofu stefnda. Kr. 2.100.00 á bls. 3 sé fjárhæð, sem greidd hafi verið fyrir fæði frænda stefnanda í 14 daga, og hafi stjórnarformaður stefnda sett þá fjárhæð upp. Kr. 5.925.00 hafi verið greiðsla fyrir fæði og þjónustu Þórhildar Bjarnadóttur í 5 vikur. Stefnandi hélt, að inni í fjárhæðinni kr. 5.925.00 vegna Þórhildar

Bjarnadóttur væri ekki húsaleiga, en taldi líklegra, að þetta væri greiðsla þá fyrir lengri tíma en 5 vikur, enda þótt þarna standi 5 v.

Stjórnarformaðurinn sagði, að það hafi verið stjórn stefnda, sem hafi ákveðið greiðslu frá vistmönnum, en annað fólk, sem á heimilinu bjó og sjáandi var, hafi verið látið borga meir. Gjöldin frá blinda fólkinu hafi verið undir kostnaðarverði.

Vegna þess, sem fram kom hjá stjórnarformanninum við fyrri yfirheyrslu um afnot af þvottaherbergi í kjallara hússins, þá sagði stefnandi, að þetta herbergi hafi verið notað sem geymsla fram til haustsins 1972, en þá hafi þær Dagbjört og Elín fengið herbergi þetta leigt og hafi þær búið þarna um veturinn. Stjórnarformaðurinn sagði, að í því tilfelli, að herbergi það, sem ætlað var fyrir straustofu, hafi verið upptekið, þá hafi verið þarna bókaherbergi í kjallaranum, sem fyrri ráðskonur hafi notað til frágangs á þvotti. Stjórnarformaðurinn sagði, að þær Dagbjört og Elín hafi fengið herbergi þetta á leigu í október 1972. Stefnandi sagði, að konan, sem var ráðskona á undan henni, hafi notað sama herbergi og stefnandi til frágangs á þvotti og þá er stefnandi byrjaði störf sín, hafi strauborð verið í herberginu. Hljóðfærin, sem voru í herbergjunu, hafi verið látin niður í kjallara í straustofuna, fljótlega eftir að stefnandi byrjaði að vinna hjá stefnda, og hafi ástæðan verið, að stefnandi var hrædd um, að barn hennar færi í hljóðfærin.

Fyrir dómi bar Sigríður Sigurðardóttir, fyrrverandi starfsmaður stefnda, en hún vann við ræstingu á blindraheimilinu á þeim tíma, sem stefnandi var þar ráðskona, að eftir að stefnandi kom úr sumarfríi, hafi stefnandi farið að taka sér frídaga, og kvaðst Sigríður þá hafa leyst stefnanda af. Á þessum frídögum stefnanda kvaðst Sigríður hafa unnið frá því milli kl. 8 og 9 að morgninum og þar til hún var búin að kvöldinu, en það hafi verið um kl. 9. Sigríður bar, að telja meg þá hafa verið samfellda vinnu allan daginn þessa daga, sem hún leysti stefnanda af. Húsið sé nokkuð erfitt, það sé 3 hæðir, og fólkið á heimilinu hafi verið gamalt og varla getað farið sjálft til dyra. Sigríður kvaðst hafa smurt fyrir það fólk, sem fór af heimilinu til vinnu, og hafi hún gert það kvöldið áður. Jafnframt kvaðst Sigríður hafa leyst stefnanda af í nokkra daga, þegar stefnandi var veik á sjúkrahúsi, og hélt Sigríður, að það hafi verið í júní. Sigríður kvaðst ekki hafa verið á heimilinu á nóttunni þennan tíma, sem stefnandi var veik, en

hélt, að maður stefnanda hafi verið þar þessar nætur, en hann hafi unnið langt fram á kvöld.

Sigríður kvaðst hafa fengið greidda þá tíma, sem hún vann, þá er hún leysti stefnanda af, og kvaðst hafa talið tímana saman og fengið þá borgaða, þetta hafi verið 10 til 12 tímar á dag. Sigríður kvaðst ekki muna, hvort greitt var eftirvinnukaup og ekki heldur, hvort þessi vinna var greidd sérstaklega eða um leið og ræstingin. Sigríður kvaðst ekki hafa greitt fæði þá daga, sem hún leysti stefnanda af, enda hafi það ekki verið nefnt.

Sigríður sagði, að á hæð hússins hafi verið herbergi, sem ekki var notað af vistmönnum, og hafi herbergi þetta aðallega verið notað sem vinnuherbergi, þar hafi verið þvottur og straubretti, þar hafi verið skrifborð og reikningar heimilisins, en eiginmaður stefnanda muni hafa fært bókhald heimilisins. Einhvern tíma hafi verið þarna djúpir stólar, sem stefnandi hafi fengið að geyma stuttan tíma, einnig hafi verið þar blóm í gluggum, sem stefnandi átti.

Fyrir dómi bar sambýlismaður stefnanda, Þór Guðmundsson, að hann hafi unnið í Hafnarfirði, þegar stefnandi vann hjá stefnda. Hann kvaðst hafa fengið morgunkaffi, ef búíð var að laga það, þá er hann fór til vinnu, en hann hafi farið það snemma, að ekki hafi alltaf verið búíð að laga kaffi. Fyrri hluta ársins hati hann sjaldan komið heim á virkum dögum fyrr en klukkan var orðin 8, 9 eða jafnvel seinna og hafi hann yfirleitt alltaf komið eftir kvöldmat. Þegar hann kom heim, hafi hann fengið bita af því, sem til var, en ekki hafi verið búinn til sérstakur kvöldmatur fyrir hann. Fyrri hluta ársins kvaðst hann hafa unnið flestalla laugardaga og þó nokkuð marga sunnudaga fram í miðjan júlí. Frá því í september kvaðst maður stefnanda ekki hafa unnið á sunnudögum og bara unnið nokkra laugardaga. Hann kvaðst oftast hafa haft með sér nesti að heiman í vinnuna og hafi þetta verið brauðbiti og kannske kex, en ekki nesti til að hafa til hádegisverðar. Maður stefnanda kveðst ekki hafa haldið skrá um það, hvenær hann borðaði á heimilinu og hvenær ekki. Maður stefnanda kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar kona hans réð sig til stefnda, en konan hafi oft sagt sér, að það væri eftir að gera samning um greiðslur fyrir fæði mannsins og barnsins og jafnframt um laun konunnar fyrir eftirvinnu og vinnu á frídögum. Maður stefnanda kvaðst hafa haldið, að um þetta hvort tveggja yrði samið í einu. Maðurinn kvaðst aðeins einu sinni hafa hitt

stjórnarformann stefnda þarna á heimilinu og hafi það verið um haustið. Þá hafi þetta eitthvað komið til tals á milli þeirra, en ekkert verið ákveðið, enda stjórnarformaðurinn mjög tímabundinn.

Maðurinn sagði, að barn þeirra stefnanda hafi verið á dagheimili hluta úr degi fyrri hluta ársins og hafi barnið oft verið um helgar hjá ömmu sinni og afa. Eftir að þau stefnandi komu úr sumarfríi, hafi barnið verið mjög lítið á heimilinu, en dvalist hjá ömmu sinni og afa.

Þau stefnandi hafi haft eitt herbergi út af fyrir sig. Á hæðinni hafi verið vinnustofa, sem þau hafi farið fram á að fá, en það mál hafi ekki komist í höfn frekar en að ganga frá samningi um laun og fæðiskostnað. Í þessu herbergi hafi verið gengið frá þvotti. Kona sú, sem leysti stefnanda af í sumarfríi, hafi búið í þessu herbergi, á meðan hún vann þarna. Maður stefnanda kvaðst hafa keypt lítið skrifborð þann tíma, sem stefnandi vann fyrir stefnda, og hafi það verið geymt í þessu herbergi. Seinni hluta ársins hafi þau keypt lítið sófasett og hafi það einnig verið geymt í þessu herbergi.

Vitnið Ólafur Ögmundsson, sem kvaðst vera leigjandi hjá stefnda og hafa búið að Bjarkargötu 8 á árinu 1972, kvaðst hafa selt stefnanda sófa, tvo stóla, sófaborð og skrifborð og muni það að öllum líkindum hafa verið í ágúst 1972. Húsgögn þessi hafi stefnandi geymt í stofu á aðalhæð hússins. Stefnandi hafi bara haft eitt herbergi til umráða, en geymt þessi húsgögn í öðru herbergi.

Með stefnanda hafi verið á heimilinu maður hennar og barn, en barnið hafi ekki verið þar að staðaldri. Maðurinn hafi verið þar á kvöldin og nóttinni og um helgar.

Vitnið Ólafur sagðist ekki hafa verið í fæði á heimilinu, en sagðist halda, að á árinu 1972 hafi heimilismenn verið fjórir. Ólafur var spurður um vinnutíma stefnanda og svaraði því til, að einn af vistmönnum hafi farið til vinnu að morgninum og hafi kaffi fyrir hann verið haft í brúsa á borðinu. Tveir vistmenn hafi verið heima, sem hafi fengið léttu máltíð um hádegið, en aðalmáltíðin hafi verið á kvöldin og muni vistmenn hafa verið fjórir eða fimm, sem fengu kvöldmáltíð.

Vitnið sagði, að kona vitnisins hafi verið ráðskona á blindraheimilinu á árunum 1958 til 1963 og hafi hún fengið föst mánaðarlaun fyrir ráðskonustörf sín á heimilinu, en enga greiðslu

fyrir eftirvinnu eða aukavinnu. Þau hjónin hafi haft eina stofu til umráða, og kvaðst vitnið hafa borgað fæðiskostnað fyrir sig og þá sömu fjárhæð og vistmenn greiddu fyrir fæði.

Fyrir dómi bar Guðbjörg Jóna Sigurðardóttir, að hún hafi unnið á skrifstofu stefnda í 9 ár og hafi hún hætt störfum þar í apríl 1973. Guðbjörg kvaðst hafa annast launagreiðslur fyrir stefnda og hafi hún reiknað út laun starfsmanna stefnda samkvæmt þeim tóxtum, sem henni var sagt að miða við. Stefnandi hafi verið á föstum mánaðarlaunum, og þau kvaðst Guðbjörg hafa greitt stefnanda og hafi hún reiknað út breytingar á launum stefnanda, þegar breytingar urðu á vísitölu eða einhverjar hækkningar urðu á launum. Guðbjörg kvaðst ekki muna eftir breytingum á launaflokkum vegna launa stefnanda í júní 1972. Ef um launabreytingar hafi verið samið við stefnanda, þá muni það hafa verið Þorsteinn Bjarnason, sem hefði tilkynnt vitninu það. Vitnið kvaðst ekki muna eftir slíkum fyrirmælum varðandi stefnanda. Vitninu voru sýndar kvittanir á dskj. nr. 9, og sagði vitnið, að ekki væri útilokað, að laun stefnanda hafi verið hækkuð í júní fyrir það, að líkað hafi vel við hana og allt hafi verið í lagi, en vitnið tók fram, að hún þori ekki að fullyrða um þetta. Vitnið taldi, að ef laun stefnanda hefðu einu sinni verið greidd hærri en áður, þá væri ekki útilokað, að um villu hjá vitninu hefði verið að ræða, en vitnið talið mjög ólíklegt, að hún hefði greitt of há laun í marga mánuði.

Vitnið Guðbjörg Jóna kvaðst muna eftir þrem konum, sem unnið hafi sem ráðskonur hjá stefnda á þeim tíma, sem hún vann fyrir stefnda. Þær hafi verið Margrét Sæmundsdóttir, Anna Þórðardóttir og stefnandi. Vitnið minnti, að fleiri konur hefðu gegnt þessu starfi á þessum tíma, en kvaðst ekki koma því fyrir sig. Þessar konur hafi allar unnið fyrir föst mánaðarlaun og svo hlunnindi, sem hafi verið frítt húsnæði og fæði eða því sem næst. Guðbjörg hélt, að hafi þær greitt eitthvað fyrir húsnæði og fæði, hafi það verið mjög lítið, þannig að mánaðarlaunin hafi verið frí. Margrét Sæmundsdóttir hafi haft alveg sín laun frí. Guðbjörg Jóna var ekki viss um ráðskonurnar, sem voru á eftir Margréti, hvort samið hafi verið við þær um einhverja lækkun á launum vegna fæðis og húsnæðis, en vitnið kveðst ekkert hafa tekið af launum þessara kvenna fyrir fæði og húsnæði.

Eins og rakið hefur verið, eru aðiljar ósammála, um hvaða kjör hafi verið samið, þá er stefnandi hóf störf fyrir stefnda. Fram er komið, að mánaðarlaun stefnanda voru miðuð við kjara-

samning Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Verkakvinnafélagsins Framsóknar um kaup og kjör starfsstúlkna í mótuneytum, og voru launin í upphafi starfstíma stefnanda miðuð við byrjunarlaun matræðskvenna (verkstjóra), sbr. dskj. nr. 5. Á starfstíma stefnanda hjá stefnda tók gildi nýr kjarasamningur milli ofangreindra aðilja, og var hann undirritaður 12. apríl 1972 og mun hafa tekið gildi 1. maí 1972. Stefnanda voru þó greidd sömu laun fyrir maí og apríl. Í júní 1972 munu mánaðarlaun stefnanda hafa hækkað til samræmis við ákvæði hins nýja kjarasamnings, þó þannig, að stefnanda voru þá og það, sem eftir var starfstíma hennar, greidd laun eins og eftir 2 ára starf.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi sé ekki í Vinnuveitendasambandi Íslands. Því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að hún sé félagi í Verkakvinnafélaginu Framsókn. Teljast því aðiljar máls þessa ekki bundnir af ofangreindum kjarasamningum, enda þótt fram sé komið, að mánaðarlaun stefnanda voru við þá miðuð. Í þessu sambandi er og á það að líta, að vinnusamband stefnanda var með nokkuð öðrum hætti en kjarasamningarnir gera ráð fyrir, þar sem hún bjó á vinnustað sínum og hafði með sér fjölskyldu sína. Maður stefnanda og barn borðuðu á heimili stefnda, þá er þau dvöldust þar, og var stjórnarformanni stefnda þetta ljóst, enda þótt ekki virðist hafa verið gengið frá samningum á milli málsaðilja vegna þessa.

Stefnanda voru greidd umsamin mánaðarlaun, sem hún kvittaði fyrir án fyrirvara. Ekki kemur fram á kvittunum þessum, að stefnandi hafi verið krafinn um greiðslu fæðis fyrir hana sjálfa, mann hennar og barn.

Þegar litið er til framburðar stefnanda um, að hún hafi allan tímann, sem hún vann fyrir stefnda, alltaf öðru hverju verið að óska eftir því, að frá samningum á milli málsaðilja yrði gengið varðandi greiðslur fyrir aukavinnu og fyrir fæði barns stefnanda og manns, og þess, að viðurkennt er af stjórnarformanni stefnda, að um þetta hafi verið rætt, þá er stefnandi kom úr sumarleyfi, en málið ekki afgreitt, og jafnframt er, að eitthvað hafi verið talað um, að ef stefnandi ynni umfram umsamin vinnutíma, þá kæmi það fyrir fæði manns hennar og barns, þá þykja fyrirvaralausar kvittanir stefnanda ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa.

Aðiljar eru ósammála um samræður þeirra stefnanda og stjórnarformanns stefnda um það, hve langt sumarleyfi stefnanda bar.

Stefnandi fékk sumarleyfi frá 1. ágúst til 11. september, og greiddi stefndi stefnanda full mánaðarlaun fyrir ágúst og september. Þetta þykir styðja fullyrðingar stefnanda um, að stjórnarformaður stefnda hafi samþykkt það fyrirkomulag, sem stefnandi kveðst hafa viðhaft, þ. e. að hún hafi látið helminginn af frídögum sínum, eftir að hún kom úr sumarleyfi, ganga upp í umframsumarleyfið. Verður því við niðurstöðu málsins við það miðað, að hvorugur málsaðili eigi kröfu á hinn vegna sumarleyfis stefnanda.

Við niðurstöðu máls þessa verður miðað við þau laun, sem stefnandi fékk hjá stefnda, sbr. dskj. nr. 9, enda eru fullyrðingar af hálfu stefnda um mistök í sambandi við launagreiðslur til stefnanda frá því í júní 1972 og út árið ósannaðar. En hvernig sem launabreytingin var tilkomin, þá mátti stefnandi reikna með, að þetta væru mánaðarlaun hennar. Jafnframt þykir stefnandi eiga rétt á þeirri hækkun, sem varð 1. maí 1972 á mánaðarlaunum þeim, sem laun hennar voru við miðuð, en það voru kr. 1.195.00.

Yfirvinna.

Aðiljar eru ósammála um daglegan vinnutíma stefnanda og um það, hve mikið starf það hafi verið, sem stefnandi hafi ynnt af höndum fyrir stefnda. Á dskj. nr. 15 kemur fram, að á heimili stefnda á árinu 1972 hafi verið í fæði 6 manns hið fæsta. Samkvæmt framburði stjórnarformanns stefnda voru 5 af þeim blindir. Flestir hafa verið 9 í fæði, þar af 5 blindir. Framburður vitnisins Sigríðar Sigurðardóttur styður fullyrðingar stefnanda um, að hún hafi unnið til jafnaðar 11 tíma á dag. En í þessu sambandi er á það að líta, að stefnandi hefur viðurkennt að hafa ekki skráð daglegan vinnutíma sinn og að hvorki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi gefið stefnda tilefni til að fylgjast með daglegum vinnutíma hennar né að hún hafi gert stefnda ljóst, að hún ætlaði að krefjast greiðslu fyrir eftir- og næturvinnu. Þykir því ekki unnt gegn andmælum stefnda að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu fyrir eftir- og næturvinnu samkvæmt dskj. 3 og 4.

Viðurkennt er af stefnda, að á þeim tíma, sem stefnandi vann fyrir stefnda, hafi launþegum borið tveir frídagar í viku. Því er ómótmælt haldið fram, að stefnandi hafi ekki tekið frídag tímabilið janúar til 1. ágúst 1972, og verður því krafa stefnanda vegna frídaga á þessu tímabili tekin til greina svo og krafa stefnanda vegna tveggja frídaga í september, þ. e. kr. 62.859.20. Við þetta bætist 8.33% orlof, kr. 5.236.10.

Vinna á hátíðisdögum.

Í sambandi við þessa kröfu stefnanda er á það að líta, að af hálfu stefnda er varðandi fjölda frídaga og hátíðisdaga einungis vefengt, að aðfangadagur og gamlársgdagur teljist helgidagar og eigi því einungis að telja 13 helgidaga á árinu, eða samtals 104 vinnustundir. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 88 frá 1971 teljast aðfangadagur og gamlársgdagur frídagar frá klukkan 1300. Verður því krafa stefnanda um greiðslu fyrir vinnu á 14 hátíðisdögum tekin til greina, þó þannig, að einungis verður miðað við 8 tíma vinnu á dag. Samkvæmt mánaðarlaunum þeim, sem stefnanda voru greidd, reiknast laun stefnanda fyrir 8 tíma vinnu á dag í 14 hátíðisdaga kr. 27.422.40 Við þetta bætist 8.33% orlof, eða kr. 2.284.28.

Laun fyrir janúar 1973.

Ekkert hefur komið fram undir rekstri málsins um það, að launakjör stefnanda hafi átt að breytast þá daga, sem hún vann eftir 1. janúar 1973, og verður því við niðurstöðu máls þessa miðað við sömu laun í janúar 1973 og stefnandi hafði í desember 1972, enda verður ekki á þá skoðun stefnda fallist, að stefnandi hafi fengið greidda vinnu sína í janúar með því, sem stefndi telur ofgreitt, samanber það, sem að framan hefur verið rakið um þetta efni. Því er ómótmælt haldið fram af stefnanda, að hún hafi unnið 1/3 af janúar, og verður því við það miðað, að stefnda beri að greiða stefnanda í laun fyrir janúar 1/3 af mánaðarlaunum, þ. e. kr. 8.880.00, og fyrir 2 frídaga, eða 16 tíma á kr. 153.90, þ. e. kr. 2.462.40, og fyrir vinnu stefnanda á nýjársgdag 1973 8 tíma helgidagavinnu, þ. e. kr. 2.216.00. Þetta gerir kr. 13.558.40. Við það bætist orlof 8.33%, kr. 1.129.41.

Gagnsök.

Fæðiskostnaður.

Fram þykir komið, að gagnstefnda hafi átt að hafa ókeypis fæði. Sú skoðun styðst m. a. við framburði gagnstefndu, stjórnarformanns gagnstefnanda, vitnisins Sigríðar Sigurðardóttur svo og dskj. 11 og 16. Verður því krafa gagnstefnanda vegna fæðiskostnaðar gagnstefndu ekki tekin til greina.

Gagnstefnda hefur viðurkennt, að greiða beri fyrir fæði manns hennar og barns, en ágreiningur er með málsaðiljum um það, hve mikið skuli greitt vegna þessa liðar í gagnkröfu. Eins og að framan hefur verið rakið, virðist ekki hafa verið gengið frá samning-

um á milli málsaðilja um greiðslur fyrir fæði manns og barns gagnstefndu. Ekki liggur fyrir í málinu, hve oft maður gagnstefndu borðaði á heimili gagnstefnanda, enda er ekki fram komið, að gagnstefnandi hafi gefið gagnstefndu tilefni til að halda máltíðafjöldu saman. Því er haldið fram af hálfu gagnstefndu, að maður hennar hafi unnið í Hafnarfirði þann tíma, sem gagnstefnda vann fyrir gagnstefnanda, og jafnframt er því haldið fram, að hann hafi borðað hádegisverð í Hafnarfirði og kvöldverð einnig, þá er hann vann fram eftir kvöldi. Því er haldið fram af hálfu gagnstefndu, að barn hennar hafi lítið verið á heimili gagnstefnanda, eftir að gagnstefnda kom úr sumarleyfi sínu í september. Af því, sem fram er komið í málinu, og þar sem ekki verður séð, að um þetta hafi verið samið á milli málsaðilja, þá þykir verða að áætla þennan lið, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 66.000.00, þ. e. sú fjárhæð, sem gagnstefnda hefur boðið fram vegna þessa liðar í gagnkröfu. Við ákvörðun þessarar fjárhæðar er haft í huga, að fæðiskostnaður á heimili gagnstefnanda var kr. 64.100.00 fyrir manninn árið 1972 og jafnframt, að gagnstefnda og fjölskylda hennar voru ekki á heimili gagnstefnanda í 6 vikur á árinu 1972, en munu svo hafa verið nokkra daga á árinu 1973.

Húsnæði, hiti, ljós, ræsting o. fl.

Þessi kröfufliður er ekki studdur neinum gögnum. Ekkert er fram komið um, að gagnstefnda hafi nokkurn tíma verið krafín um greiðslu fyrir ljós, hita og ræstingu. Stjórnarformaður gagnstefnanda hefur viðurkennt, að gagnstefnda hafi átt að hafa afnot af einni stofu án endurgjalds. Því er haldið fram af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefnda hafi haft afnot af einni stofu meir en henni bar og hafi hún m. a. geymt þar húsgögn, sem hún keypti af Ólafi Ögmundssyni. Gagnstefnda hefur viðurkennt að hafa með samþykki stjórnarformanns gagnstefnanda geymt húsgögn í þessu herbergi, en þau hafi hún keypt af Ólafi Ögmundssyni haustið 1972. Jafnframt hafi hún notað herbergi þetta við vinnu sína fyrir heimili gagnstefnanda. Dskj. nr. 17 styður fullyrðingar gagnstefndu um, að það hafi ekki verið fyrr en um haustið sem gagnstefnda keypti húsgögnin. Dómsskjal þetta er ávísun, stíluð á Ólaf Ögmundsson, dags. 30. september 1972, og útgefin af manni gagnstefndu. Önnur afnot gagnstefndu af herbergi þessu eru ósönnuð, og verður því þessi krafa gagnstefnanda ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður niðurstaða málsins í aðalsök sú, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 113.684.00, þ. e. vangreidd laun í maí 1972, kr. 1.195.00, fyrir vinnu á frídögum kr. 62.859.20 + orlof, kr. 5.236.10, fyrir vinnu á hátíðisdögum kr. 27.422.40 + orlof, kr. 2.284.28, fyrir vinnu í janúar 1973 kr. 13.558.40 + orlof, kr. 1.129.41. Vextir ákveðast 7% ársvextir frá 1. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök verður gagnstefnda dæmd til að greiða gagnstefnanda kr. 66.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og komi þessi fjárhæð til skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda.

Hæfilegt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 25.000 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Blindravinafélag Íslands, greiði stefnanda, Bjarn-dísi Eygló Indriðadóttur, kr. 47.684.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1977.

Nr. 54/1976. **Magnús Magnússon**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Ingva Þorgeirssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Vinnusamningur. Brottvikning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-björnsson og Logi Einarsson.